

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 155/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Einari Einarssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. apríl 1994 til þyngingar á refsingu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1994 var ákærði dæmdur til að sæta tveggja mánaða fangelsi auk upptöku á eimingartækjum og 53 lítrum af sterku áfengi og gert að greiða 300.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna brota á 7. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Refsing ákærða nú verður ákvörðuð með hliðsjón af þeim dómi, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmans, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamáli nr. 754/1993: Ákærvaldið gegn Einari Einarssyni sem tekið var til dóms 20. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 6. desember 1993 á hendur ákærða, Einari Einarssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kt. 210268-5109, „fyrir að framleiða, að Laufengi 90 í Reykjavík í ágúst 1993 um það bil 70 lítra af sterku áfengi, sem hann afhenti til þriggja manna, sem áttu að selja áfengið fyrir hann.

Þetta telst varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er ákærður fyrir og þykir það vera sannað. Er það réttilega fært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur frá því á árinu 1985 verið dæmdur sex sinnum fyrir ýmisleg hegningar- eða umferðarlagabrot, síðast í nóvember 1992. Þá hefur hann verið sektaður margsinnis, ýmist fyrir ölvun eða umferðarlagabrot. Ákærða var í júní í sumar veitt reynslulausn af 137 dögum refsivistar, skilorðsbundin í tvö ár. Hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og ber að dæma hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Með hliðsjón af því, að ákærði fékk menn til þess að selja áfengið, þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Þá ber að gera ákærða 100.000 króna sekt og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Einarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði 100.000 krónur í sekt og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.